

Viðbrögð vegna Covid-19

Samskipti við skógarbændur og dreifingarstöðvar

Ráðgjafar

Muna að virða 2 m regluna

- Takmarka heimsóknir
- Ráðgjafar fara í feltvinnu einir
- Ráðgjafar fara ekki í sama bíl og bóndi nema hægt sé að tryggja 2 m regluna
- Starfsfólk sem keyrir saman í bíl skal virða 2 m regluna
- Nota sem mest rafræn samskipti
- Sleppa kaffi og þiggja spritt
- Tryggja að í hverjum bíl sé handspritt, pappír og hanskar
- Þegar bíl er skilað á starfstöð skal bílstjóri sótthreinsa stýri, gírstöng, handföng og aðra snertifleti
- Fólk sem hefur verið í sóttkví eða sjálfskipaðri sóttkví fer ekki með öðru samstarfsfólki í bíl. Virðum óskir fólksins og varúðarráðstafanir sem það vill grípa til

Dreifingarstöðvar

Muna að virða 2 m regluna

- Þegar plöntuflutningabíll er affermdur skal nota dráttarvél til að taka flutningagrindur af bílnum
- Flutningagrindunum er dreift á planið og einn starfsmaður tæmir hverja grind
- Ekki snerta bakka hanskalaus
- Henda einnota hönskum
- Þvo margnota hanska eftir affermingu og þvo/spritta hendur vandlega eftir að viðkomandi tekur hanska af sér
- Við afhendingu til bænda verður sá háttur á að bóndi lætur dreifingarstöð vita með að lágmarki dagsfyrirvara, hvað hann hyggist sækja daginn eftir
- Dreifingarstjóri tekur saman magnið og merkir með bæjarnafni á plani
- Pappír til að undirskrifa er skilinn eftir á þurrum stað, t.d. í plastumslagi/plastkassa
- Bændur þurfa að koma með eigin penna og skrifa undir pappírinn
- Allt gert til að lágmarka samskipti bónda og umsjónarmanns dreifingarstöðvar
- Ef umsjónarmaður dreifingarstöðvar fer í sóttkví eða veikist þarf staðgengill að vera til staðar. Skógræktarráðgjafar verða afleysingafólk ef upp koma slíkar aðstæður á dreifingarstöðvum. Þá verða bændur upplýstir um stöðuna og afgreiðslutímar verða endurskoðaðir

Gróðursetningarverktakar

Muna að virða 2 m regluna

- Ávallt skal gæta þess að allir snertifletir á flutningstækjum og verkfærum sem verktaki fær til afnota hjá bónda séu sótthreinsaðir
- Verktakar eru ávallt með hanska og spritt við höndina
- Verktaki þvær sér og sótthreinsar vandlega áður en tæki bóndans eru notuð
- Verktaki gistir ekki inni á heimili bóndans
- Verktaki borðar ekki inni á heimili bóndans
- Verktaki og bóndi virða 2 m regluna, alltaf
- Verktaki vinnur eftir kortagögnum frá Skógræktinni og takmarkar samskipti við skógræktarráðgjafa og skógarbónda nema í gegnum síma, tölvupóst eða samskiptaforrit

Gæðaúttekt

Muna að virða 2 m regluna

- Skógræktarráðgjafar framkvæma gæðaúttektir á gróðursetningum án fylgdar bænda. Skýrsla verður send bændum eftir á

Athugið!

Öllum sem finna fyrir einkennum eins og kvefi, hósta, hita er ráðlagt að draga sig í hlé og leita ráða hjá næstu heilsugæslu eða í síma 1700.

Unnið skal samkvæmt þessari viðbragðsáætlun á meðan samkomubann er í gildi.

Innkaupalisti, magninnkaup

- *Spritt í alla bíla*
- *Pappír til að þrifa snertifleti í bílum*
- *Hanskar á allar dreifingarstöðvar og starfstöðvar*

31. mars 2020,
Hraundís Guðmundsdóttir
Johan Holst
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir